



Alþingi
Velferðarnefnd
nefndasvið@althingi.is

Reykjavík, 11. október 2022
2209247/0.4.1

Efni: Umsögn embættis landlæknis um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna (einföldun regluverks), 8. mál.

Með tölvupósti 29. september sl., gaf velferðarnefnd Alþingis embætti landlæknis kost á að leggja fram umsögn um frumvarp til laga um tæknifrjóvgun o.fl. (einföldun regluverks), 8. mál. Embætti landlæknis þakkar fyrir að fá tækifæri til þess að gefa álit sitt á framangreindu frumvarpi. Samkvæmt 16. gr. laga nr. 55/1996 um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna hefur landlæknir eftirlit með því að tæknifrjóvgunar meðferðir sem framkvæmdar eru hér á landi séu í samræmi við ákvæði laganna. Með vísan til þess lýtur umsögn embættis landlæknis eingöngu að ákvæðum II. kafla frumvarpsins er varða breytingu á lögum nr. 55/1996.

Embætti landlæknis fagnar því að frumvarp sé komið fram sem hafi það að markmiði að einfalda regluverkið í þessum málaflokki. Embættið bendir á að sífellt fjölbreytilegri fjölskylduform leiði til tilvika sem lög nr. 55/1996 nái ekki til og hafi embættið þegar vakið athygli heilbrigðisráðuneytisins á því, í tilefni tveggja erinda sem embættinu bárust, að lögin þörfnuðust endurskoðunar með tilliti til þess. Meðfylgjandi er bréf embættisins til heilbrigðisráðuneytisins, dags. 16. desember 2021.

Embættið styður það heilshugar að fólki sé gert auðveldara fyrir að nýta sér tæknifrjóvgun í þeim tilgangi að eignast barn og telur það í samræmi við þá staðreynd að í dag er fjölskylduformið margbreytilegt hér á landi. Embættið gerir því ekki athugasemdir við það sem fram kemur í 4. og 5. gr. frumvarpsins að þessu leyti og myndi leiða til þess að sambúð og hjúskapur yrði ekki lengur skilyrði fyrir því að einstaklingar gætu staðið saman að tæknifrjóvgun og eignast barn saman.

Í 6. gr. frumvarpsins er lagt til að í stað orðsins „óheimil“ í 3. mgr. komi orðið „heimil“. Í greinargerð er fylgir frumvarpinu segir að lagt sé til að gjöf fósturvísa verði heimil en ekki í ábataskyni. Embættið telur brýnt að þetta komi skýrt fram í lögnum sjálfum en ekki er að sjá að gjöf fósturvísa verði bundin ákveðnum skilyrðum verði frumvarpið að lögum.

Í 8. gr. frumvarpsins er lagt til í a-lið að 2. málslíður 1. mgr. 9. gr. laganna orðist svo: „Þá má geyma fósturvísa sem til stendur að gefa“. Þá er lagt til í b-lið 8. gr. að geymsla fósturvísa skv.

1. málslíð 1. mgr. 9. gr. sé háð ákveðnum skilyrðum. Embætti landlæknis bendir á að svo virðist sem geymsla fósturvísa sem til stendur að gefa sé ekki háð neinum skilyrðum. Rétt virðist að sömu skilyrði gildi um 1. og þann nýja 2. málslíð 1. mgr. 9. gr. laganna sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Í 9. gr. er lagt til að breytingar verði gerðar á ákvæði 10. gr. er varða eyðingu á fósturvísu. Embættið telur þessa breytingu mikilvæga og í samræmi við þær athugasemdir sem gerðar eru í meðfylgjandi bréfi embættisins, dags. 16. desember 2021. Þar segir m.a. eftirfarandi:

Embætti landlæknis vekur athygli heilbrigðisráðuneytisins á því að endurskoða þurfi sem allra fyrst framangreint ákvæði 10. gr. laga nr. 55/1996 með tilliti til þess að aðstæður aðila, sem gangast undir tæknifrjövgun, kunni að breytast. Gildandi ákvæði laga nr. 55/1996 leiða til þess að einstæð kona er lagalega betur sett en fráskilin kona, sem lagt hefur eigin kynfrumur til, og átt hefur fósturvísi með fyrrverandi eiginkonu sinni. Embætti landlæknis telur eðlilegt og sanngjarnt að þessu verði breytt þannig að réttarstaða fráskilinna samkynhneigðra kvenna verði sú sama og einstæðra kvenna samkvæmt lögnum.

Embætti landlæknis vekur athygli á því að hvorki er að finna í núgildandi lögum nr. 55/1996 né í reglugerð nr. 144/2009 um tæknifrjövgun ákvæði sem takmarki notkun á kynfrumum sæðisgjafa hér á landi. Embættið telur að vegna smæðar íslensku þjóðarinnar ætti að takmarka notkun sæðisfrumna úr sama einstaklingi við að úr verði börn í einungis einni fjölskyldu eða tveimur að hámarki. Takmarkið sé að draga úr hættu á of nánnum skyldleika einstaklinga þegar þessi börn sem fullorðnir einstaklingar finna sér maka. Embættið telur brýnt að úr þessu verði bætt og að kveðið verði á um þetta atriði í lögum nr. 55/1996.

Virðingarfyllt,



Alma D. Möller landlæknir



Lilja Rún Sigurðardóttir lögfræðingur

Hjálagt:

Bréf embættis landlæknis til heilbrigðisráðuneytisins, dags. 16. desember 2021.